



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## Skólanámskrá SÍJ Íþróttir – 1. bekkur

Leikfimi er kennd einn tíma í viku hjá 5 ára og þrjá tíma í viku hjá 6 - 9 ára. Kennsluaðferðir koma til móts við þarfir nemenda sem eru að vaxa úr grasi á viðkvæmu en breytilegu vaxtarskeiði. Til að slíkt megi takast skal sérstaklega hugað að líkamlegri virkni hvers og eins í kennslutímum. Verklegir tímar skulu því skipulagðir þannig að hver nemandi sé virkur í verkefnum við hæfni.

### Matsviðmið

#### Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Hlaupið tvo hringi í kringum Ísaksskóla.

Staðið á öðrum fæti.

Hoppað á öðrum fæti.

Gengið eftir slá.

Framkvæmt sprellikarl.

Hoppað uppá/yfir eða klifrað yfir hestinn.

Kastað og gripið bolta.

Félagslegir þættir

Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.

Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.

Gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.

#### Virkni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

### Námsmat

Matsviðmiðin eru metin með símati og einnig er metin virkni nemanda í tímum.